



Framkvæmd fjárlaga janúar – júní 2018

Ríkisendurskoðun

Skýrsla til Alþingis 16. nóvember 2018



Efnisyfirlit


Samandregnar helstu niðurstöður	4
Frávikagreining	6
Niðurstöður og ábendingar	8
1 Inngangur.....	10
2 Afkoma og sjóðstreymi A-hluta ríkissjóðs.....	11
3 Tekjur A-hluta ríkissjóðs.....	13
4 Gjöld A-hluta ríkissjóðs.....	16
4.1 Samanburður á fjárheimildum og útkomu gjalda	16
4.2 Útgjaldahorfur á öllu árinu	18
4.3 Dreifing fjárheimilda og breytingar á fjárheimildum innan ársins.....	18
4.4 Ráðstöfun almenns varasjóðs	19
5 Umfjöllun um einstök málefnasvið og málaflokka.....	20
5.1 Forsætisráðuneyti.....	20
5.2 Utanríkisráðuneyti.....	20
5.3 Mennta- og menningarmálaráðuneyti.....	20
5.4 Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti	21
5.5 Dómsmálaráðuneyti	21
5.6 Velferðarráðuneyti	23
5.7 Fjármála- og efnahagsráðuneyti.....	25
5.8 Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti	26
5.9 Umhverfis- og auðlindaráðuneyti	27
6 Yfirlit yfir áætlun og útkomu málaflokka og málefnasviða.....	29

Samandregnar helstu niðurstöður

Rekstur ríkissjóðs



Tekjur ríkissjóðs



Skattar og tryggingagjöld voru á tímabilinu

1,5% hærra en áætlað var


og um 5,7% hærra en á sama tíma í fyrra

Allir skattflokkar skiluðu meiri tekjum en nemur almennum verðlagshækkunum sem er til marks um áframhaldandi uppgang í efnahagslífinu

Aðrar tekjur skila 9,8% af tekjum ríkissjóðs. Nokkur frávik voru á einstökum teknaliðum miðað við áætlun á fyrri hluta ársins. Þannig voru bæði fjármunatekjur og tekjur af sölu á vörum og þjónustu hærra en áætlað var en fjárframlög og liðurinn aðrar rekstrartekjur lægri.

Í heild skiluðu þessir tekjustofnar 12,3 ma.kr. hærra tekjum á tímabilinu en áætlað hafði verið en voru hins vegar 5,5 ma.kr. lægri en á sama tímabili í fyrra.

Handbært fé ríkissjóðs



Rekstur ríkissjóðs skilar mun meira handbæru fé og endurspeglar það meiri afgang af rekstri ríkissjóðs í ár en á sama tíma í fyrra.

Fjárfestingar voru talsvert hærri á tímabilinu en á sama tíma fyrir ári. Sama máli gegnir um sölu hlutabréfa og eignarhluta. Fengnar afborganir af langtímakröfum voru lægri sem og afborganir af langtímaskuldum.

Ríkisendurskoðandi vekur sérstaka athygli á eftirfarandi

Á meðal fjárlagaliða sem heyra undir fjármála- og efnahagsráðuneyti er liður til að mæta ófyrirséðum útgjöldum að fjárhæð 8,5 ma.kr. Á árinu hafa vaknar spurningar um hvernig heimilt sé að nýta almenna varasjóðinn með tilliti til ákvæða í lögum um opinber fjármál sem mæla fyrir um að útgjöld sem honum er ætlað að mæta þurfi að vera tímabundin, ófyrirsjáanleg, óhjákvæmileg og ókleift að mæta þeim með öðrum hætti samkvæmt lögum.

Kallað hefur verið eftir svörum frá fjármála- og efnahagsráðuneyti.

Ríkisendurskoðandi telur að hraða verði setningu reglugerðar um ráðstöfun fjár úr almennum varasjóði sbr. 6. tl. 1. mgr. 67. gr. laga um opinber fjármál en tekur að svo búnu ekki afstöðu til álitaefna varðandi ráðstöfun sjóðsins.

Frávikagreining





Niðurstöður og ábendingar


Innheimtar tekjur ríkissjóðs á fyrri árs helmingi 2018 voru alls 405,8 ma.kr. á meðan greidd gjöld voru 378,0 ma.kr. Heildarjöfnuður tímabilsins var þannig jákvæður um 27,8 ma.kr. eða 6,9% af tekjum. Í áætlun fyrir tímabilið var gert ráð fyrir talsvert lægri tekjum og hærri gjöldum en raunin varð.

Rekstur ríkissjóðs á fyrri árs helmingi skilaði 31,0 ma.kr. í handbæru fé en 8,4 ma.kr. á sama tíma í fyrra. Endurspeglar það meiri afgang af rekstri ríkissjóðs í ár. Fjárfestingar voru talsvert hærri á fyrri árs helmingi 2018 en 2017. Sama máli gegnir um sölu hlutabréfa og eignarhluta. Fengnar afborganir af langtímakröfum voru lægri sem og afborganir af langtímaskuldum. Þetta leiddi til þess að handbært fé ríkissjóðs á fyrri hluta ársins jókst um 9,7 ma.kr. en það lækkaði um 147,4 ma.kr. á sama tíma 2017.

Tekjur

Skattar og tryggingagjöld skila skv. fjárlögum 757,8 ma.kr. eða um 90,2% af heildartekjum ríkissjóðs. Skattar og tryggingargjöld voru á tímabilinu 1,5% hærri en áætlað var og um 5,7% hærri en á sama tíma í fyrra. Allir skattflokkar skiluðu meiri tekjum en nemur almennum verðlagshækkunum sem er til marks um áframhaldandi uppgang í efnahagslífinu.

Á seinni hluta þessa árs er gert ráð fyrir að heldur hægist á efnahagsþróun. Hagvöxtur verði þannig 2,9% í stað 3,1% á ársgrundvelli. Áfram er gert ráð fyrir talsverðum vexti einkaneyslu (5,3%) en að hlutur erlendar neyslu vaxi á kostnað innlendar sem kemur fram í lægri tekjum af virðisaukaskatti og öðrum neyslusköttum, t.d. lækki tekjur af virðisaukaskatti um 1,7 ma.kr. frá fjárlögum. Sömuleiðis er gert ráð fyrir heldur minni tekjum af tekjuskatti, bæði einstaklinga og lögaðila.



Aðrar tekjur en skattar og tryggingagjöld skila 9,8% af tekjum ríkissjóðs. Nokkur frávik voru á einstökum teknaliðum miðað við áætlun á fyrri hluta ársins. Þannig voru bæði fjármunatekjur og tekjur af sölu á vörum og þjónustu hærri en áætlað var en fjárframlög og liðurinn aðrar rekstrartekjur lægri. Í heild skiluðu þessir tekjustofnar 12,3 ma.kr. hærri tekjum á tímabilinu en áætlað hafði verið en voru hins vegar 5,5 ma.kr. lægri en á sama tímabili í fyrra.

Núna gert ráð fyrir að vaxtatekjur verði um 0,5 ma.kr. lægri en í fjárlögum en að arðgreiðslur skili um 6,5 ma.kr. hærri tekjum vegna hærri arðgreiðslna frá bönkum. Gert er ráð fyrir að veiðigjöld sjávarútvegsfyrirtækja verði 7,0 ma.kr. í stað 10,0 ma.kr. skv. fjárlögum. Aðrar tekjur breytast óverulega við endurmat á forsendum fjárlaga.

Gjöld

Gjöld ríkissjóðs á fyrri hluta ársins að frádregnum rekstrartekjum námu samtals 369,8 ma.kr. Fjárheimildir til að mæta þeim gjöldum námu í heild 380,1 ma.kr. Gjöldin voru því 10,2 ma.kr. eða 3% undir fjárheimild. Staða einstakra fjárlagaliða gagnvart áætlunum var þannig að gjöld 284 fjárlagaliða (65%) voru undir áætlun, samtals um 21,7 ma.kr. Á sama tíma voru gjöld 156 fjárlagaliða (35%) yfir áætlun um samtals 11,5 ma.kr. Hafa þarf hugfast að inneignir og skuldir frá fyrra ári höfðu ekki verið fluttar yfir á þetta ár.

65%

fjárlagaliða eru undir áætlun um samtals 21,7 ma.kr.

35%

fjárlagaliða eru yfir áætlun um samtals 11,5 ma.kr.

Ráðuneytin fylgjast almennt vel með rekstri og fjárhagsstöðu þeirra stofnana og annarra fjárlagaliða sem undir þau heyra. Nokkuð er um að dreifing fjárheimilda endurspegli ekki nógu vel hvernig tekjur og gjöld falla til sem veldur því að fjárheimildastaða um mitt ár gefur ekki rétta mynd af raunverulegri fjárhagsstöðu viðkomandi fjárlagaliðar. Í þeim tilvikum sem fjárheimildastaða stefnir í raun og veru í að verða umfram fjárheimildir í lok árs er það sjaldnast vegna óvæntra atvika á árinu.

Skýringa er frekar að leita í að áætlanir sem liggja fyrir við fjárlagagerðina hafa ekki reynst nógu nákvæmar eða ekki hefur tekist að grípa til sparnaðaraðgerða sem duga til að halda rekstri innan fjárheimilda. Ekki er að sjá að ráðuneyti nýti svo nokkru nemi varasjóði málaflokka. Þá má telja að ákvæði um heimild til flutnings fjárheimilda innan málaflokka sé að mestu óvirkt.

Vakin er athygli á að niðurstöðutölur tekna- og gjaldaliða í fjárlögum geta verið mismunandi eftir því hvort framsetning er skv. hagskýrslu- eða reikningskilastöðlum. Þannig eru heildarfjárheimildir í fjárlögum 2018 ýmist tilgreindar 807,3 ma.kr. eða 820,3 ma.kr. Að mati Ríkisendurskoðunar getur þessi tvöfalda framsetning valdið misskilningi í umræðu um ríkisfjármál.

Frávik málaflokka frá fjárlögum

Raunverulegar útgjaldahækkningar á árinu, miðað við fjárlög, eru áætlaðar um 1,7 ma.kr. sem verður að teljast óverulegt. Þar munar mestu um að gjaldfærðar lífeyrisskuldbindingar eru núna taldar hækka um 3,0 ma.kr. vegna launahækkana og fjölgunar lífeyrisþega, aukins kostnaðar Vegagerðarinnar við vetrarþjónustu um 1,0 ma.kr. og aukna útgjaldapörf málaflokka eins og fæðingarorlofs, dómkrafna, sérhæfðrar sjúkrahúspjónustu og nokkurra liða sjúkratrygginga. Á móti er gert ráð fyrir að vaxtakostnaður ríkissjóðs lækki um 3,4 ma.kr. vegna lækkandi vaxtastigs innanlands, útgjöld vegna elli- og örorkulífeyrisgreiðslna lækki um 2,0 ma.kr. og að kostnaður vegna vaxtabóta lækki um 1,0 ma.kr.

Raunverulegar útgjalda-hækkningar

1,7

milljarðar

1 Inngangur

Í lögum um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga nr. 46/2016 kemur fram að starfssvið ríkisendurskoðanda taki m.a. „til aðstoðar við störf þingnefnda er varða fjárhagsmálefni ríkisins, þ.m.t. eftirlit með framkvæmd fjárlaga“. Sambærilegt ákvæði var í eldri lögum um Ríkisendurskoðun, nr. 89/1997, þar sem sagði að stofnunin skyldi „annast eftirlit með framkvæmd fjárlaga og vera þingnefndum til aðstoðar við störf er varða fjárhagsmálefni ríkisins“.

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir framkvæmd fjárlaga á fyrri árshelmingi 2018 og tekna- og gjaldahorfum til ársloka. Fjallað er um afkomu A-hluta ríkissjóðs, frávik í tekjum og gjöldum á árinu og sjóðshreyfingar.

Ný lög um opinber fjármál voru sett í lok árs 2015 sem tóku að mestu gildi frá og með árinu 2017. Lögin hafa m.a. í för með sér breytingar á framsetningu fjárlaga en fjárheimildum skv. fjárlögum er núna skipt niður á 34 málefnasvið sem aftur skiptast niður í 106 málaflokka. Málefnasvið og málaflokkar eru á ábyrgð ráðuneyta. Fjárveitingar til stofnana og annarra fjárlagaliða eru sýndar í svokölluðu fylgiriti með fjárlögum. Alþingi ákveður þannig ekki lengur fjárveitingar niður á einstaka fjárlagaliði heldur er það verkefni hvers ráðuneytis. Þrátt fyrir það er stjórnendum stofnana að sjálfsögðu áfram skylt að haga rekstri í samræmi við fjárveitingar sem stofnunum eru markaðar enda fjárveitingar til þeirra byggðar á stjórnvaldsfyrirmælum ráðherra.

Tekið skal fram að fjárhagsupplýsingar í þessari skýrslu byggja á mánaðar- og ársfjórðungs- uppgjörum Fjársýslu ríkisins og skýrslum sem unnar eru úr gögnum í fjárhagskerfi ríkisins (Orra). Vegna breytinga á framsetningu fjárlaga í kjölfar nýrra laga um opinber fjármál hafa þessi yfirlit verið seinna á ferðinni en áður auk þess sem framsetning þeirra og hugtakanotkun er nokkuð breytt.

Nýjar reikningsskilaaðferðir hafa ekki verið að fullu innleiddar í mánaðar- og ársfjórðungsyfirlit ríkissjóðs en stefnt er að því að færa uppgjörin frá greiðslugrunni yfir á rekstrargrunn eftir því sem unnt er. Í því sambandi má nefna að útgjöld vegna liða eins og lífeyrisskuldbindinga, fjármagnskostnaðar, afskrifta skattkrafna o.fl. eru sett fram á greiðslugrunni innan ársins og geta því verið talsvert frábrugðin endanlegu uppgjöri þeirra í ríkisreikningi sem er á rekstrargrunni. Þá getur mismunandi innheimtuhlutfall og greiðslutímabil tekna frá ári til árs haft áhrif á hve miklu munar á tekjum skv. greiðsluuppgjörum og ríkisreikningi.

Fjárheimildastaða í árslok 2017, hvort heldur inneignir eða skuldir, hafði ekki verið flutt yfir á árið 2018 í fjárhagskerfum ríkisins og er því ekki sýnd með fjárheimildum þessa árs.

2 Afkoma og sjóðstreymi A-hluta ríkissjóðs

Tekjur ríkissjóðs á fyrri ársþingi 2018 voru alls 405,8 ma.kr. á meðan gjöld voru 378,0 ma.kr. Heildarjöfnuður tímabilsins var þannig jákvæður um 27,8 ma.kr. eða 6,9% af tekjum. Í áætlun fyrir tímabilið var gert ráð fyrir talsvert lægri tekjum og hærri gjöldum en raunin varð. Það skýrir hvers vegna heildarjöfnuður tímabilsins er 34,6 ma.kr. jákvæðari en reiknað var með.

Þess skal getið að fjárlög ársins gera ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs á árinu öllu verði 840,1 ma.kr. og gjöldin 807,3 ma.kr. Heildarjöfnuður alls ársins verður samkvæmt því jákvæður um 32,9 ma.kr. sem er 3,9% af tekjum.

2.1 Tekjur, gjöld og afkoma A-hluta ríkissjóðs, janúar–júní 2018

Í m.kr.	Áætlun tímabils	Útkoma tímabils	Frávik tímabils	%	Útkoma fyrra árs	Breyting frá fyrra ári	%
Tekjur	388.275	405.803	-17.528	-4,5	392.492	13.311	3,4%
Gjöld	394.997	377.975	17.022	4,3	388.981	-11.006	-2,8%
Heildarjöfnuður	-6.722	27.828	-34.550	514,0	3.511	24.317	692,6%
Hlutfall af tekjum	-1,7%	6,9%			0,9%		

Tekjur voru hærri en á sama tíma 2017 en gjöldin voru hins vegar lægri. Heildarjöfnuður á sama tíma í fyrra var jákvæður um 3,5 ma.kr. eða 0,9% af tekjum ársins.

Endurmat á tekju- og útgjaldahorfum vegna ársins 2018 sem unnið var í tengslum við gerð frumvarps til fjárlaga 2019 bendir til þess að bæði tekjur og gjöld þessa árs verði lítillega lægri en gert er ráð fyrir í gildandi fjárlögum, tekjur um 0,5 ma.kr. og gjöld um 1,3 ma.kr. Gangi þetta eftir batnar afkoma ríkissjóðs um 0,7 ma.kr. frá fjárlögum ársins. Þetta eru mun minni frávik frá fjárlögum en við endurmat fjárlaga vegna síðasta árs en þá var áætlað að tekjur myndu verða 25 ma.kr. hærri og gjöldin um 21 ma.kr. hærri en skv. fjárlögum.

Hafa skal hugfast, eins og fram kemur í inngangi skýrslunnar, að mánaðar- og árshlutauppgjörin fyrir ríkissjóð eru enn þá að verulegu leyti sett fram á greiðslugrunni í stað rekstrargrunns. Í uppgjörinum á því eftir að taka tillit til ýmissa áfallinna fjárskuldbindinga og krafna sem ekki hafa áhrif á greiðslur ríkissjóðs en skipta máli varðandi endanlega afkomu ársins.

2.2 Sjóðstreymi A-hluta ríkissjóðs, janúar–júní 2018

Í m.kr.	Fjárlög ársins	Útkoma tímabils	Útkoma fyrra árs
Handbært fé frá rekstri	115.175	30.966	8.441
Fjárfestingahreyfingar	-12.419	37.945	49.387
Hreinn lánsfjárjöfnuður	102.756	68.911	57.828
Fjármögnunarahreyfingar	-59.800	-59.261	-205.202
Breyting á handbæru fé	42.956	9.650	-147.374

Rekstur ríkissjóðs á fyrri árshelmingi skilaði 31,0 ma.kr. í handbæru fé sem er mun meira en á sama tíma í fyrra þegar reksturinn skilað 8,4 ma.kr. Endurspeglar það meiri afgang af rekstri ríkissjóðs í ár en á sama tíma 2017.

Af einstökum liðum sjóðstreymis má nefna að innan fjárfestingahreyfinga voru fjárfestingar talsvert hærrí í ár en í fyrra. Sama máli gegnir um sölu hlutabréfa og eignarhluta. Hins vegar voru fengnar afborganir af langtímaskuldum lægri. Þegar horft er til fjármögnunarahreyfinga munar hins vegar um að afborganir af langtímaskuldum voru mun lægri en á sama tíma í fyrra. Niðurstaðan er að handbært fé ríkissjóðs á fyrri hluta ársins jókst um 9,7 ma.kr. en það lækkaði um 147,4 ma.kr. á sama tíma 2017.

Handbært fé
jókst um
9,7
milljarða

3 Tekjur A-hluta ríkissjóðs

Í fjárlögum er gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs árið 2018 verði 840,1 ma.kr. Í mánaðaryfirliti fyrir ríkissjóð eru tekjur á fyrri hluta ársins áætlaðar 388,3 ma.kr. en þær urðu í reynd nokkru hærri eða 405,8 ma.kr. Það eru jafnframt nokkru hærri tekjur en á sama tíma árið á undan þegar tekjurnar voru 392,6 ma.kr. Tekið skal fram að tekjur stofnana hafa frá og með árinu 2017 verið sýndar með tekjum ríkissjóðs í stað þess að dragast frá gjöldum eins og eldri fjárreiðulög kváðu á um.

3.1 Tekjur A-hluta ríkissjóðs, janúar-júní 2018


Í ma.kr.	Fjárlög	Áætlun	Útkoma	Frávik frá áætlun	Útkoma fyrra árs	Breytingar frá fyrra ári		
Skattar og tryggingagjöld	757,8	340,9	346,1	5,2	1,5%	327,4	18,7	5,7%
Skattar á tekjur og hagnað	295,4	133,0	135,6	2,6	1,9%	131,1	4,5	3,4%
Skattar á launagr. og vinnuafll	8,3	3,9	4,2	0,3	7,7%	3,9	0,4	9,7%
Eignarskattar	5,4	4,9	5,2	0,3	6,8%	4,9	0,4	7,4%
Skattar á vöru og þjónustu	333,3	150,1	148,8	-1,3	-0,9%	140,4	8,4	6,0%
Skattar á alþjóðav. og viðskipti	2,0	0,8	2,1	1,3	157,3%	1,9	0,2	9,7%
Aðrir skattar	16,9	2,8	3,8	1,0	34,0%	3,1	0,7	23,1%
Tryggingagjöld	96,4	45,2	46,3	1,1	2,3%	42,2	4,1	9,8%
Rekstrar- og fjármunatekjur	76,4	45,1	59,6	14,5	32,0%	64,1	-4,5	-7,1%
Fjármunatekjur	31,6	22,0	35,0	13,0	59,2%	30,1	4,9	16,4%
Aðrar eignatekjur	10,2	6,6	5,6	-1,0	-15,0%	2,0	3,6	176,8%
Sala á vöru og þjónustu	30,7	13,8	17,5	3,7	26,9%	30,4	-12,9	-42,6%
Aðrar rekstrartekjur	3,9	2,8	1,5	-1,3	-46,2%	1,6	-0,1	-8,4%
Fjárframlög	5,1	1,9	0,1	-1,8	-94%	0,1	0,0	1,8%
Sala eigna	0,8	0,4	0,0	-0,3	-95%	1,0	-0,9	-98,2%
Tekjur alls	840,1	388,3	405,8	17,5	4,5%	392,6	13,2	3,4%

Samkvæmt fjárlögum ársins skila skattar og tryggingagjöld 757,8 ma.kr. eða sem nemur um 90,2% af heildartekjum ríkissjóðs. Skatttekjur að meðtöldum tryggingargjöldum voru á tímabilinu 1,5% hærri en áætlað var. Þessar tekjur eru auk þess um 5,7% hærri en á sama tíma í fyrra. Til samanburðar hækkaði vísitala neysliverðs um tæp 2,4% á sama tíma. Allir skattflokkar skiluðu meiri tekjum en nemur almennum verðlagshækkunum sem er til marks um áframhaldandi uppgang í efnahagslífinu.

Í endurmati á tekjuáætlun fjárlaga er gert ráð fyrir að framvinda efnahagsmála verði heldur hægari en var í forsendum fjárlaga. Þannig byggir endurmatið á að hagvöxtur verði 2,9% í stað 3,1% á ársgrundvelli. Áfram er gert ráð fyrir talsverðum vexti einkaneyslu (5,3%) en að hlutur erlendra neyslu vaxi á kostnað innlendra sem kemur fram í lægri tekjum af virðisaukaskatti og

öðrum neyslusköttum. Nú er gert ráð fyrir að skattar á vörur og þjónustu verði um 2,5 ma.kr. lægri en í fjárlögum, þar af verði virðisaukaskattur um 1,7 ma.kr. lægri.

Tekjur A-hluta ríkissjóðs, janúar–júni 2018 (ma.kr.)



Einnig er gert ráð fyrir að launahækkningar verði nokkru minni á árinu sem þýðir minni tekjur af tekjuskatti einstaklinga en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Sömuleiðis er búist við að tekjuskattur lögaðila skili ívið minni tekjum vegna hægari efnahagsþróunar á árinu. Breytingar á tekjuáætlun fjárlaga vegna annarra skattaflokka eru flestar minniháttar.

Í fjárlögum er áætlað að rekstrar- og fjármunatekjur, sala eigna (söluhagnaður) og fjárframlög skili samtals 82,3 ma.kr. eða 9,8% af tekjum ríkissjóðs. Nokkur frávik voru á einstökum tekjuliðum miðað við áætlun á fyrri hluta ársins. Þannig voru bæði fjármunatekjur og tekjur af sölu á vörum og þjónustu hærri en áætlað var en fjárframlög og liðurinn aðrar rekstrartekjur lægri. Í heild skiluðu þessir tekjustofnar 12,3 ma.kr. hærri tekjum á tímabilinu en áætlað hafði verið en aftur á móti um 5,5 ma.kr. lægri tekjum en á sama tíma 2017.

Í endurmati á tekjuforsendum fjárlaga er gert ráð fyrir að vaxtatekjur verði um 0,5 ma.kr. lægri en í fjárlögum (verði 12,4 ma.kr. í stað 12,9 ma.kr.). Hins vegar er reiknað með að arðgreiðslur skili um 6,5 ma.kr. hærri tekjum vegna meiri arðgreiðslna frá bönkum í eigu ríkisins en fyrirséð

var við gerð fjárlaga. Alls er gert ráð fyrir að arður og hluti af tekjum ríkisfyrirtækja skili núna 25,3 ma.kr. í ríkissjóð á árinu í stað 18,7 ma.kr. skv. fjárlögum.

Tekið skal fram að arðgreiðslur bankanna í ríkissjóð á þessu ári nema samtals 37,7 ma.kr. en þar af tekjufærast aðeins 21,0 ma.kr.¹

Loks ber að nefna að endurmatið leiðir til þess að veiðigjöld sem sjávarútvegsfyrirtæki greiða eru talin verða 3,0 ma.kr. lægri, þ.e. 7,0 ma.kr. í stað 10,0 ma.kr. skv. fjárlögum. Í athugasemdum með frumvarpi til fjárlaga 2019 kemur fram að til skoðunar sé að færa viðmiðunarár gjaldtöku nær í tíma en nú er í ljósi verri afkomu í sjávarútvegi. Aðrar tekjur breytast óverulega við endurmat á forsendum fjárlaga.

¹ Samkvæmt GFS-aðferð, sem beitt er við tekjufærslu arðs í fjárlögum, miðast tekjufærslan við útgreiddan arð en þó að hámarki sem nemur hlutdeild í hagnaði af reglulegri starfsemi.

4 Gjöld A-hluta ríkissjóðs

Með nýjum lögum um opinber fjármál urðu verulegar breytingar á framsetningu gjaldahliðar fjárlaga. Fjárheimildir eru núna flokkaðar eftir málefnasviðum og málaflokkum í fjárlögnum sjálfum en nánari skipting fjárveitinga til einstakra ríkisaðila og verkefna er sýnd í fylgiriti með fjárlögum. Í fylgiritinu er einnig sýnd skipting fjárlagaliða eftir ráðuneytum.

Fjárveitingum til einstakra ríkisaðila er skipt í rekstrarframlög, rekstrartilfærslur, fjármagnstilfærslur og fjárfestingaframlög.² Fjárfestingaframlög eru ætluð til eignamyndunar hjá ríkisaðilum í A-hluta og færast til skuldar hjá viðkomandi aðilum sem fyrirframgreitt framlag á móti eignfærslu varanlegra rekstrarfjármuna. Á hverju ári er hluti skuldfærðra fjárfestingaframlaga tekjufærður á móti fyrningu (afskriftum) ársins. Helstu rökin fyrir þessum færslumáta eru að fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum sé í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift sé á notkunartíma eigna í formi fyrninga og að þetta jafni út sveiflur sem annars yrðu á afkomu fjárlagaliða. Ríkisendurskoðun hefur gert athugasemdir við þessa framsetningu og talið að hún væri ekki í samræmi við lög um opinber fjármál og þau fyrirmæli um gerð reikningsskila fyrir ríkisaðila í A-hluta sem þar er vísað til. Þetta er eitt af þeim atriðum sem þurfa að koma til skoðunar í tengslum við endurskoðun laganna.

Það flækir nokkuð mál að framsetning á talnaefni fjárlaga er ýmist gerð skv. GFS-hagskýrslustaðli (þ.e. 1. og 2. gr. fjárlaga) eða skv. IPSAS-reikningsskilastöðlum (þ.e. 3. og 4. gr. og sundurliðun nr. 2). Niðurstöðutölur tekna- og gjaldaliða geta þar af leiðandi verið mismunandi eftir því við hvorn staðlaflokkinn er miðað. Fjárheimildir í fjárlögum 2018 vegna heildargjalda alls ársins nema samtals 807,3 ma.kr. skv. GFS framsetningu en 820,3 ma.kr. skv. IPSAS framsetningu. Að mati Ríkisendurskoðunar getur þessi tvöfalda framsetning valdið misskilningi í umræðu um ríkisfjármál.

4.1 Samanburður á fjárheimildum og útkomu gjalda

Gjöld ríkissjóðs að frádregnum rekstrartekjum á fyrri hluta ársins námu samtals 369,8 ma.kr. Fjárheimildir til að mæta þeim gjöldum námu hins vegar í heild 380,1 ma.kr. Gjöldin voru því 10,2 ma.kr. eða 3% undir fjárheimild.

Hins vegar var staða einstakra fjárlagaliða gagnvart áætlunum þannig að gjöld 284 fjárlagaliða (65%) voru undir áætlun, samtals um 21,7 ma.kr. Á sama tíma voru gjöld 156 fjárlagaliða (35%) yfir áætlun um samtals 11,5 ma.kr. Þar sem inneignir og skuldir frá fyrra ári höfðu ekki verið fluttar yfir á þetta ár eru hlutfallstölur og fjárhæðir ekki sambærilegar við síðasta ár þegar gjöld 256 fjárlagaliða (64%) voru undir áætlun, samtals um 37,5 ma.kr. og gjöld 144 fjárlagaliða (36%) yfir áætlun um samtals 29,0 ma.kr. Tafla 4.1 sýnir útkomu gjalda gagnvart fjárheimildum eftir málefnasviðum.

² Undir rekstrar- og fjármagnstilfærslur falla einkum greiðslur í formi framlaga og styrkja sem inntar eru af hendi án skuldbindingar um endurgjald í einhverri mynd frá styrkþega til þess sem framlagið eða styrkinn veitir.

4.1 Gjöld A-hluta ríkissjóðs eftir málefnasviðum, fjárheimild og útkoma, janúar–júní 2018

Í m.kr.	Fjárheimild	Útkoma	Frávik undir fjárheimild	Frávik yfir fjárheimild	Fjöldi undir fjárheimild	Fjöldi yfir fjárheimild
01 Alþingi og eftirlitsstofnanir þess	3.113	2.528	688	103	4	2
02 Dómstólar	1.589	1.491	137	39	4	2
03 Æðsta stjórnýsla	1.328	1.021	333	26	6	3
04 Utanríkismál	6.185	6.775	121	711	3	7
05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla	9.473	10.022	502	1.051	12	8
06 Grunnskrár og upplýsingamál	1.546	1.277	272	3	4	3
07 Nýsköpun, rannsókn. og markaðsm.	6.474	5.537	1.212	275	8	5
08 Sveitarfélög og byggðamál	10.544	10.285	260	0	10	1
09 Almanna- og réttaröryggi	12.256	12.052	455	251	15	10
10 Réttindi einst., trúmál og stj.s. dómsr	7.124	7.918	185	979	12	13
11 Samgöngu- og fjarskiptamál	15.601	15.124	797	320	15	4
12 Landbúnaðarmál	7.911	7.724	200	13	10	3
13 Sjávarútvegur og fiskeldi	2.318	2.397	208	287	8	4
14 Ferðaþjónusta	1.312	1.274	157	119	2	3
15 Orku- og eldsneytismál	2.050	2.045	25	20	2	3
16 Markaðseftirlit og stjóns. atvinnum	2.230	1.283	949	1	7	1
17 Umhverfismál	7.264	6.421	2.003	1.160	17	5
18 Menning og listir	6.751	5.882	1.107	237	23	17
19 Fjölmíðlun, íþróttá- og æskulýðsm.	2.083	2.082	1	0	1	1
20 Framhaldsskólastig	15.897	14.855	1.156	114	32	10
21 Háskólastig	16.624	16.179	652	207	8	8
22 Önnur skólast. og stj.s. mnt- og menn.m.	2.437	2.395	103	61	9	5
23 Sjúkrahúsþjónusta	41.192	41.604	1.437	1.848	7	5
24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa	22.347	22.798	547	998	8	10
25 Hjúkrunar- og endurhæf.þjónusta	23.614	21.760	2.022	169	11	5
26 Lyf og lækningavörur	11.278	10.663	707	93	1	1
27 Örorika og málefni fatlaðs fólks	27.603	27.746	221	363	5	1
28 Málefni aldraðra	36.940	35.889	1.051	0	3	0
29 Fjölskyldumál	18.730	17.757	1.041	68	14	5
30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi	9.398	8.635	943	180	5	6
31 Húsnæðisstuðningur	9.117	7.947	1.169	0	3	0
32 Lýðheilsa og stjórnýsla velferðarm.	3.879	3.672	359	152	9	6
33 Vextir, ábyrgðir og lífeyrisskuldb.	33.510	34.801	309	1.600	2	1
34 Alm. varasj. og sért. fjárráðstafanir	365	0	365	0	2	0
	380.085	369.840	21.696	11.451	284	156

Gjöld að frádragnum rekstrartekjum

4.2 Útgjaldahorfur á öllu árinu

Endurmat fjármála- og efnahagsráðuneytis á útgjaldahorfum ársins gefur til kynna að heildarútgjöld A-hluta ríkissjóðs á þjóðhagsreikningagrunni lækki um 1,3 ma.kr. frá því sem áætlað hafði verið eða um 0,1%. Hins vegar hækka útgjöldin um 40,2 ma.kr. þegar miðað er við IPSAS-reikningsskilaframsetningu. Mestu skiptir þar breytt framsetning, frá því sem sýnt var í fjárlögum, annars vegar á lífeyrisskuldbindingum um 20,2 ma.kr. og hins vegar á afskriftum skattkrafna um 18,2 ma.kr. Í hvorugu tilviki er um að ræða nýjar skuldbindingar á árinu.

Raunverulegar útgjaldabreytingar á árinu miðað við fjárlög eru áætlaðar um 1,7 ma.kr. Þar er helst að nefna að gjaldfærðar lífeyrisskuldbindingar eru núna taldar hækka um 3,0 ma.kr. vegna launahækkana sem lífeyrisgreiðslur eru miðaðar við og fjölgunar lífeyrisþega, aukins kostnaðar Vegagerðarinnar við vetrarþjónustu um 1,0 ma.kr. og meiri útgjaldaþarfar málaflokka eins og fæðingarorlofs, dómkrafna, sérhæfðrar sjúkráhusþjónustu, nokkurra liða sjúkratrygginga auk fleiri liða. Á móti er gert ráð fyrir að vaxtakostnaður lækki um 3,4 ma.kr. vegna lækkandi vaxtastigs innanlands, útgjöld vegna elli- og örorkulífeyrisgreiðslna lækki um 2,0 ma.kr., kostnaður vegna vaxtabóta lækki um 1,0 ma.kr. og barnabóta um 250 m.kr.

4.3 Dreifing fjárheimilda og breytingar á fjárheimildum innan ársins

Fjárheimildum ársins er skipt niður á mánuði til samræmis við það hvernig útgjöld viðkomandi fjárlagaliða eru talin falla til innan ársins. Ráðuneytin bera ábyrgð á að dreifing fjárheimilda endurspegli rekstur stofnana og annarra fjárlagaliða sem undir þau heyra. Fjárheimildir einstakra fjárlagaliða geta breyst frá fjárlögum vegna þess að á þá eru færðar fjárheimildir af öðrum fjárlagaliðum, s.s. af safnliðum og fjárlagalið vegna launa- og verðlagsbóta, eða vegna flutnings verkefna á milli stofnana. Lög um opinber fjármál heimila ráðuneytum í ríkara mæli en áður að færa fjárheimildir á milli fjárlagaliða innan sömu málaflokka. Þá er þar gert ráð fyrir varasjóðum fyrir hvern málaflokk. Heildarfjárheimild ríkissjóðs breytist hins vegar ekki við þetta.

Hægt er að breyta fjárheimildum einstakra fjárlagaliða með fjáraukalögum, ýmist til hækkunar eða lækkunar. Almennt er frumvarp til fjáraukalaga lagt fram og samþykkt undir lok árs og felur þannig yfirleitt í reynd í sér ákvörðun um að heimila útgjöld sem þegar eru fallin til. Einn tilgangur nýrra laga um opinber fjármál var að auka festu í fjárlagagerð og fjárlagaframkvæmd, m.a. með því að takmarka notkun fjáraukalaga frá því sem verið hefur en eftir er að koma í ljós hvort sú verði raunin. Frumvarp til fjáraukalaga vegna ársins 2018 hefur ekki verið lagt fram en reiknað er með að það verði gert síðar á árinu.

Eins og kunnugt er geta fjárheimildir fjárlagaliða breyst vegna flutnings fjárheimilda frá árinu á undan, hvort sem um er að ræða inneign vegna ónýttra fjárheimilda eða skuld vegna útgjalda umfram fjárheimild. Flutningur þessara fjárheimildastöðu er eitt af því sem hefur dregist í kjölfar nýrra laga um opinber fjármál og er m.a. um að kenna töfum á uppgjöri árslokastöðu vegna síðasta árs.

Í 30. gr. laga um opinber fjármál er ákvæði um að heimilt sé að fella sjálfkrafa niður fjárheimildastöðu í árslok vegna útgjalda sem „ráðast af hagrænum forsendum fjárlaga, metnum stærðum í reikningshaldslegu uppgjöri eða öðrum þáttum sem lúta ekki ákvörðunarvaldi ráðherra“. Í eldri fjárreiðulögum var kveðið á um að til þess að fella niður fjárheimildastöðu í árslok þyrfti ávallt að afla heimildar í svokölluðum lokafjárlögum. Í nýju

lögnum er hins vegar tekið fram að fjármálaráðherra setji reglur, að höfðu samráði við fjárlaganefnd Alþingis, um uppgjör fjárheimilda samkvæmt málsgreininni og hvernig með skuli farið við gerð útgjaldaáætlana. Þá skal hann gera fjárlaganefnd Alþingis grein fyrir meðferð og uppgjöri fjárheimilda. Af hálfu fjármála- og efnahagsráðuneytis liggja fyrir drög að reglugerð um ráðstöfun árslokastöðu.

4.4 Ráðstöfun almenns varasjóðs

Á meðal fjárlagaliða sem heyra undir fjármála- og efnahagsráðuneyti er liðurinn 09-989 Ófyrirséð útgjöld sem skv. fjárlögum ársins er með 8.500 m.kr. fjárveitingu úr ríkissjóði. Fjárlagaliðurinn fellur undir málaflokkinn 34.10 *Almennur varasjóður* og málaefnasviðið 34 *Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir*. Aðrir fjárlagaliðir sem falla undir þetta málaefnasvið eru 09-481 *Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum* og 09-990 *Ríkisstjórnar-ákvæðanir*. Á árinu hafa vaknað spurningar um hvernig heimilt sé að nýta almenna varasjóðinn til að mæta útgjaldatílefnum sem upp hafa komið.

Í 24. gr. laga um opinber fjármál eru ákvæði um almennan varasjóð A-hluta. Þar segir að í frumvarpi til fjárlaga skuli gera ráð fyrir óskiptum almennum varasjóði til að bregðast við útgjöldum sem eru tímabundin, ófyrirsjáanleg, óhjákvæmileg og ekki er unnt að bregðast við með öðrum hætti samkvæmt lögum þessum. Varasjóðurinn skal að lágmarki nema 1% af fjárheimildum fjárlaga. Fjármála- og efnahagsráðherra tekur ákvarðanir um ráðstöfun fjár úr varasjóði og gerir fjárlaganefnd Alþingis grein fyrir nýtingu þess þegar ákvörðun liggur fyrir.

Í athugasemdum með frumvarpi til laganna kom fram að í þágildandi fjárreiðulögum væri ekki mælt fyrir um almennan varasjóð en þó hefði í fjárlögum frá árinu 2009 verið gert ráð fyrir ófyrirséðum útgjöldum með sérstökum fjárlagalið (óskipt fjárheimild) sem hafi numið 1% af heildarútgjöldum fjárlaga. Tilgangur óskiptrar fjárheimildar hefði m.a. verið að mæta hækkunum launa og verðlags ásamt ófyrirséðum útgjöldum, þ.m.t. gengisbótum vegna veikari stöðu gjaldmiðilsins en gert var ráð fyrir í forsendum fjárlaga, útgjöldum vegna eldgosa og náttúruhamfara auk útgjalda vegna kjarasamninga. Tekið var fram að notkun almenns varasjóðs A-hluta skv. lögum um opinber fjármál væri háð ströngum skilyrðum, þ.e. útgjöld þyrftu að vera tímabundin, ófyrirsjáanleg, óhjákvæmileg og ókleift væri að mæta þeim með öðrum hætti samkvæmt lögnum. Fjármála- og efnahagsráðherra bæri ábyrgð á því að meta hvort öll tilgreind skilyrði ákvæðisins væru uppfyllt og með hliðsjón af tilgangi ákvæðisins beri að túlka það þröngt. Samkvæmt 67. gr. laga um opinber fjármál skal ráðherra setja nánari reglur um ráðstöfun fjár úr varasjóði á grundvelli ofangreindra skilyrða.

Ríkisendurskoðun hefur kallað eftir svörum frá fjármála- og efnahagsráðuneyti tvívegis á þessu ári, annars vegar um fyrirhugaða ráðstöfun á hluta almenna varasjóðsins til að mæta útgjöldum vegna viðhalds samgöngumannvirkja eða allt að 4 ma.kr. og hins vegar að veita úr honum um 2 ma.kr. vegna endurmats á launaforsendum fjárlaga 2018. Ríkisendurskoðun fékk svar við fyrri erindinu og gerði fjárlaganefnd Alþingis grein fyrir því máli með minnisblaði dags. 5. júlí sl. Ríkisendurskoðun á hins vegar eftir að fá svar frá ráðuneytinu vegna síðari fyrirspurnarinnar sem send var 27. september sl. Ríkisendurskoðandi tekur því að svo búnu ekki afstöðu til þess álitaefnis sem þar er reifað en telur engu að síður mikilvægt að hraðað verði setningu reglugerðar um ráðstöfun fjár úr almennum varasjóði sbr. 6. tl. 1. mgr. 67. gr. laga um opinber fjármál.

5 Umfjöllun um einstök málefnasvið og málaflokka

Hér á eftir er farið yfir einstök málefnasvið og málaflokka ráðuneyta með tilliti til nýtingar fjárheimilda á fyrri hluta ársins. Aflað var upplýsinga frá hverju ráðuneyti um stöðu fjárheimilda, horfur til ársloka og ráðstafana sem ráðuneytin hefðu gripið til væri tilefni til þess. Eins og gefur að skilja er umfjöllunin misítarleg eftir ráðuneytum enda umfang þeirra og starfsemi ólík.

Tekið skal fram að umfjöllun af hálfu ráðuneyta byggir í sumum tilvikum á bráðabirgðauppgjöri vegna fyrri árshelmings 2018 sem þarf ekki að stemma nákvæmlega við endanlegar tölur fyrir tímabilið. Þá höfðu ráðuneytin ekki fengið staðfestingu á yfirfærðum fjárheimildum fyrra árs, hvort heldur sem er inneignum eða halla. Ýmsir ríkisaðilar gera eftir sem áður ráð fyrir yfirfærðum fjárheimildum í rekstraráætlunum sínum. Telja verður bagalegt að formleg staðfesting á yfirfærðri stöðu ríkisaðila liggi ekki fyrir þegar í byrjun hvers árs.

5.1 Forsætisráðuneyti

Á engu málefnasviða forsætisráðuneytis voru útgjöld á tímabilinu janúar-júní 2018 marktækt yfir fjárheimildum. Samkvæmt áætlun mun málaflokkur þessa ráðuneytis verða innan fjárlagaramma í lok árs.

Þá er heldur ekki að sjá af afkomugreinagerð vegna fyrstu sex mánaða ársins að fjárheimildastaða málaflokka verði marktækt undir fjárheimild í lok árs heldur er gert ráð fyrir að málaflokkar sem falla undir ráðuneytin nýti fjárheimildir sínar innan ársins. Ráðuneytið telur ekki þörf á sérstökum aðgerðum vegna þessa í næstu fjárlögum.

Ákvæði 29. gr. laga um opinber fjármál um breytingar á skiptingu fjárveitinga innan málaflokks, þ.e. að færa fjárheimildir á milli fjárlagaliða enda sé ekki um að ræða tilfærslu fjárveitinga á milli rekstrar, tilfærslna eða fjárfestinga, hefur ekki verið beitt af ráðherra vegna málaflokka sem falla undir ráðuneytið.

Þá hefur ákvæði laga um opinber fjármál um ráðstöfun varasjóða málaflokka ekki verið beitt af ráðherra og engin málaflokkur er heyrir undir ráðuneytið fékk framlag úr óskiptum almennum varasjóði skv. 24. gr.

5.2 Utanríkisráðuneyti

EKKI bárust svör frá utanríkisráðuneyti við fyrirspurn Ríkisendurskoðunar. Að mati ríkisendurskoðanda er ekki sérstök ástæða til að ætla að málaflokkar ráðuneytisins verði marktækt yfir eða undir fjárheimildum í lok árs sé tekið tilliti til gengisbreytinga vegna skuldbindinga í erlendum gjaldmiðlum.

5.3 Mennta- og menningarmálaráðuneyti

Fjórir málaflokkar voru með umframgjöld í lok tímabilsins, þ.e. 21.1 Háskólar, 21.3 Námsaðstoð, 22.1 Leikskóla- og grunnskólastig og 22.2 Framhaldsfræðsla og menntun óflokkuð á skólastig.

Hjá tveimur fyrstnefndu málaflokkunum er frávikíð ómarktækt en frávik tveggja síðarnefndu er vegna rangrar dreifingar fjárheimilda og hefur ráðuneytið óskað eftir breytingu á dreifingu fjárheimilda til samræmis við útgjöld. Staða fjárheimilda eftir sex mánuði bendir ekki til annars en að útgjöld allra málaflokka mennta- og menningarmálaráðuneytis verði innan fjárheimilda í árslok.

Hjá þremur málaflokkum ráðuneytisins bendir fjárheimildastaða eftir sex mánuði til þess að útkoma þeirra verði marktækt undir fjárheimild í lok árs. Þetta eru *7.1 Vísindi og samkeppnissjóðir í rannsóknum*, *18.3 Menningarsjóðir* og *20.1 Framhaldsskólar*. Hjá tveimur fyrstnefndu málaflokkunum getur mismunur á styrkjalofoðum og útgreiðslu styrkja orðið til þess að fjárheimildarstaða verði undir fjárheimild ársins í árslok. Ráðuneytið býst við að málaflokkur framhaldsskóla verði undir fjárheimild ársins í árslok vegna ónýttst stofnkostnaðarliðar. Ekki er talin sérstök ástæða til að bregðast við jákvæðri stöðu fjárheimilda vegna ofangreindra málaflokka.

Það sem af er árinu hefur ráðuneytið ekki talið ástæðu til þess að beita ákvæði 29. gr. laga um opinber fjármál um breytingar á skiptingu fjárveitinga innan málaflokks. Ráðuneytið hefur heldur ekki ráðstafað neinu úr varasjóðum málaflokka á árinu og enginn málaflokkur ráðuneytisins hefur fengið framlag úr óskiptum almennum varasjóði.

5.4 Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti

Hjá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti er ekki gert ráð fyrir að neinn málaflokkur verði marktækt yfir fjárheimildum í lok ársins. Allar stofnanir ráðuneytisins hafi skilað inn áætlunum sem benda til þess að rekstur þeirra verði innan fjárheimilda, sama er að segja um sjóði sem ráðuneytið ber ábyrgð á. Endurgreiðslur til kvikmyndagerðar er sá liður sem er hvað ófyrirsjáanlegastur og er fylgst vel með greiðslum þar. Ef stefnir í að fjárhæð á fjárlögum dugi ekki fyrir endurgreiðslum er viðkomandi sent bréf þar sem bent er á heimild ráðuneytisins til að fresta greiðslu yfir á næsta fjárlagaár og hefur sá háttur verið hafður á undanfarin tvö ár.

Ekki er heldur gert ráð fyrir að neinn málaflokkur ráðuneytisins verði marktækt undir fjárheimildum í lok árs. Ráðuneytið tekur fram að undantekningarlítið sé skýringin á að fjárheimildir hafi ekki verið nýttar að fullu sú að útgjöldum hafi seinkað, ekki hafi enn verið gengið frá samningum eða tafir hafi orðið á framkvæmdum innan ársins og því gert ráð fyrir því að fjárheimildir verði nýttar seinna á árinu. Í einhverjum tilfellum hefur dreifing fjárheimilda ekki farið rétt inn í upphafi árs en gert er ráð fyrir því að niðurstaðan verði innan heimilda í lok ársins

Ráðuneytið hefur ekki nýtt sér heimild til að breyta skiptingu fjárveitinga innan einstakra málaflokka. Þá voru varasjóðir vegna málaflokka ráðuneytisins ekki nýttir á fyrri hluta ársins.

5.5 Dómsmálaráðuneyti

Að liðnum fyrstu sex mánuðum ársins voru þrjú málaflokkar með útgjöld umfram 4% af fjárheimild, þ.e. *10.2 Trúmál*, *10.4 Stjórnsýsla dómsmálaráðuneytis* og *10.5 Útlendingamál*. Í fyrsta tilvikinu stafa umframgreiðslur af uppgjöri vegna kirkjujarðasamkomulags ríkisins við Þjóðkirkjuna á síðasta ári sem fært er á þetta ár. Umframgjöld vegna stjórnsýslu dómsmálaráðuneytis stafa af því að fjárlagaliður *06-397 Schengen-samstarf* fór 49 m.kr. umfram áætlun vegna greiðslu aðildargjalda í landamærasjóð en gert er ráð fyrir að liðurinn nái jafnvægi

fyrir lok árs. Þá er ekki búið að bókfæra allan kostnað vegna kosninga og býst ráðuneytið við einhverjum halla í árslok á fjárlagaliðnum *06-111 Kosningar*.

Málaflokkur útlendingamála var 247 m.kr. yfir áætlun. Stærsta frávikið er vegna fjárlagaliðarins *06-399 Hælisleitendur* sem var 252 m.kr. yfir fjárheimild eftir fyrstu sex mánuði ársins. Á liðinn höfðu ekki verið færðar rekstrartekjur vegna endurgreiðslu frá Landamærastofnun Evrópu (Frontex) vegna flutnings umsækjenda um alþjóðlega vernd til heimaríkis og eins hafa þjónustusamningar verið dýrari en gert var ráð fyrir vegna umfangs þjónustu. Kostnaður hefur staðið í stað þrátt fyrir fækkun umsókna um vernd. Er það að stórum hluta vegna þess að samsetning hópsins sem leitar hingað til lands hefur breyst og umsóknum sem kalla á lengri og flóknari málsmeðferð hefur fjölgað. Þannig hefur umsóknum fækkað frá fólki sem kemur frá ríkjum sem teljast örugg en umsækjendum frá öðrum ríkjum hefur fjölgað. Ráðuneytið telur allt benda til að þessi þróun muni halda áfram. Til að bregðast við hefur m.a. verið hagrætt í búsetuúrræðum og fyrirkomulagi bakvakta starfsfólks breytt í því sjónarmiði að lækka kostnað. Engu að síður telur ráðuneytið líklegt eins og staðan er nú að liðurinn fari fram úr fjárheimildum ársins.

Hælisleitendur

252

milljónir króna
yfir fjárheimild

Fjárlagaliður *06-398 Útlendingastofnun* var 15 m.kr. umfram fjárveitingar. Rekstrartekjur stofnunarinnar höfðu ekki verið bókfærðar á miðju ári og útgjöld vegna kaupa á vöru og þjónustu voru umfram áætlun í kjölfar flutnings stofnunarinnar á Dalveg í lok árs 2017. Stofnunin réð viðbótarstarfsmann til að sinna flýtimeðferð á atvinnu- og dvalarleyfum sem ekki hafði verið gert ráð fyrir. Brugðist var við með niðurskurði í kaupum á þjónustu og gert er ráð fyrir aukinni fjárheimild á móti auknum tekjum í fjáraukalögum.

Fjórir málaflokkar ráðuneytisins voru undir fjárheimildum eftir sex mánuði ársins. Frávik vegna *02.2 Héraðsdómstóla* felast fyrst og fremst í frestun verkefna og ráðningu starfsmanna. Ráðuneytið telur ekki þörf á að bregðast við á þessum tímabili.

Frávik vegna málaflokksins *02.3 Landsréttur* skýrist einkum af tvennu, annars vegar vegna ólaunaðs leyfis dómara, hins vegar af því að samkomulag um húsaleigu er ófrágengið og hefur leiga ekki verið greidd það sem af er ári en mun færast að fullu þegar samkomulagi er náð.

Undir málaflokksnum *09.3 Ákærvald og réttarvarsla* voru útgjöld Héraðssaksóknara 37 m.kr. lægri en fjárheimild gerir ráð fyrir eða 7,6%. Frávikið skýrist helst af því að 14 m.kr. framlag frá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu kom allt inn í janúar 2018 en í áætlun var gert ráð fyrir að það myndi dreifast jafnt yfir árið. Haldið var aftur af mannaáætlunum og starfsmenn hafa farið í launalaust leyfi en á haustdögum verða ráðnir fleiri starfsmenn. Útgjöld Ríkissaksóknara voru 24 m.kr. lægri en fjárheimild gerði ráð fyrir eða 14,9%. Skýringin liggur fyrst og fremst í því að embættið hefur ekki verið fullmannað á tímabilinu en til stendur að bæta einum saksóknara og einum skrifstofumanni við embættið á þessu ári.

Útgjöld málaflokksins *10.1 Persónuvernd* voru 17,7 m.kr. undir fjárheimild sem að mestu skýrist af rekstrartekjum sem ekki hafði verið gert ráð fyrir. Um er að ræða styrk frá Evrópusambandinu vegna afmarkaðs verkefnis sem snýr að kynningu á nýrri löggjöf um persónuvernd. Ráðningar starfsmanna voru auk þess seinna á ferðinni ætlað var. Ekki er þó gert ráð fyrir öðru en að fjárheimildir verði að fullu nýttar í árslok.

Ákvæði 29. gr. laga um opinber fjármál hefur ekki verið beitt það sem af er ári. Ekki hefur verið ráðstafað fé úr varasjóðum.

5.6 Velferðarráðuneyti

Hjá eftirtöldum málaflokkum velferðarráðuneytis bendir fjárheimildastaða eftir sex mánuði ársins til þess að útkoma verði að óbreyttu marktækt yfir fjárheimild málaflokksins í lok árs.

Málaflokkurinn 23.20 *Almenn sjúkrahúspjónusta* var fyrstu sex mánuði ársins 10,1% umfram fjárveitingar. Framúrkeyrsla skýrist af hluta til að því að heilbrigðisstofnanir eru færðar á þrjá mismunandi málaflokka og ekki var í öllum tilvikum fullt samræmi á milli þess hvernig fjárheimildir og útgjöld falla til.

Útgjöld 24.3 *Sjúkraþjálfun, iðjuþjálfun og talþjálfun* fyrstu sex mánuði ársins voru 11,5% umfram fjárheimildir tímabilsins en skv. uppfærðri árslokaspá Sjúkratrygginga Íslands er gert ráð fyrir um 500 m.kr. halla í árslok. Með nýju greiðslupátttökukerfi gilda sömu reglur um niðurgreiðslu á læknskostnaði og þjálfun en áður voru niðurgreiðslur minni vegna þjálfunar. Auknar niðurgreiðslur í þjálfun hafa leitt til eftirspurnar umfram áætlanir. Til að stemma stigu við kostnaðaraukingunni hefur velferðarráðuneyti m.a. skoðað leiðir til að takmarka aðgengi að niðurgreiddri þjálfun, s.s. með því að undanskilja vissan fjölda af komum til sjúkraþjálfara greiðslupátttöku og setja takmarkanir á heildarfjölda koma til sjúkraþjálfara. Endanleg ákvörðun um aðgerðir liggur ekki fyrir.

Sjúkra-, iðju- og talþjálfun
500
milljón kr.
halli í árslok

Útgjöld 24.4 *Sjúkraflutningar* voru 6,6% umfram fjárheimildir tímabilsins og gerir uppfærð árslokaspá Sjúkratrygginga Íslands ráð fyrir 115 m.kr. halla í lok ársins. Um er að ræða óreglulegan lið sem erfitt er að áætla fyrir og sérstaklega undanfarin ár vegna mikillar fjölgunar ferðafólks á landinu.

Málaflokkurinn 26.3 *Hjálpartæki* fyrstu sex mánuði ársins var 4,6% umfram fjárheimildir tímabilsins. Sjúkratryggingar Íslands gera ráð fyrir að halli í árslok verði rúmar 200 m.kr. Í fjárlögum 2018 var gert ráð fyrir minni magnaukningu en raunin er. Ástæður þessa eru m.a. kröfur um aukna heimaþjónustu sem og ýmsar tækinýjungar.

Útgjöld Fæðingarorlofssjóðs, undir málaflokknum 29.2 *Fæðingarorlof*, fyrstu sex mánuði ársins voru í ágætu samræmi við rekstraráætlun ársins en athugun ráðuneytisins bendir á hinn bóginn til að útgjöld ársins verði 1 ma.kr. umfram fjárheimildir. Tvær meginástæður liggja þar að baki. Annars vegar hafa foreldrar aukið þátttöku sína í fæðingarorlofi. Greiddum dögum fjölga um 4,5% milli ára (hjá feðrum um 7% og mæðrum um 3,4%). Hins vegar hafa greiðslur á dag hækkað um 12% að jafnaði. Sú hækking leiðir af hækkingu hámarksgræiðslu úr 500 þús. kr. í 520 þús. kr. frá janúar 2018 og launabreytingum á vinnumarkaði sl. tvö ár. Áhrif þeirra breytinga voru vanmetnar í áætlun um útgjöld sjóðsins í ár. Velferðarráðuneyti mun leita eftir viðbótarfjárheimildum vegna Fæðingarorlofssjóðs í ár í frumvarpi til fjárukalaga.

Hjá nokkrum málaflokkum velferðarráðuneytis bendir fjárheimildastaða eftir sex mánuði ársins til þess að útkoma verði að óbreyttu marktækt undir fjárheimild málaflokksins í lok árs en staða annarra mun að líkindum verða nálægt pari þrátt fyrir afgang um mitt ár.

Erlend sjúkra-
húspjónusta

130

milljón kr.
afgangur í árslok

Samkvæmt spá Sjúkratrygginga Íslands stefnir í um 130 m.kr. afgang á málaflokknum 23.3 *Erlend sjúkráhusþjónusta*. Hér er um að ræða liðina „brýn meðferð erlendis“ og „sjúkrakostnaður vegna veikinda og slysa erlendis“. Þetta eru óreglulegir liðir og erfitt að spá fyrir um þróun

kostnaðar milli ára.

Ekki er gert ráð fyrir að málaflokkurinn 25.1 *Hjúkrunarrými* verði marktækt undir fjárheimildum í árslok þó að sex mánaða staða gæti bent til þess. Áhrif kjarasamninga á daggjöld hjúkrunarheimila og afturvirkar leiðréttingar ásamt uppgjörum fara fram seinni hluta ársins. Þá eru framkvæmdir vegna bygginga hjúkrunarheimila að hluta til á eftir áætlun og fjárheimildir og gjöld vegna framkvæmda færast milli ára. Af því leiði að seinkun verði á að ný rými þessara heimila verði tekin í notkun.

Lyf

500

milljón kr.
afgangur í árslok

Í málaflokknum 26.1 *Lyf* er gert ráð fyrir að kostnaður vegna almennra lyfja verði á pari við fjárheimildir í lok ársins. Hins vegar stefnir í tæplega 500 m.kr. afgang vegna S-merktra lyfja og er ástæða þess að innleiðing nýrra lyfja hefur dregist.

